



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
b.t. Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík.

Garðabær 3. júlí 2024

Efni: Umsókn um framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 2. mgr. 1.1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV). Stofnunin hefur að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu, sbr. 14. gr. laga um GEV.

Þann 9. apríl sl. sendi GEV bréf til félagsmálastjóra þar sem upplýst var um að til stæði að kanna framkvæmd sveitarfélaganna á ýmsum lagalegum skyldum í þjónustu við fatlað fólk sem býr í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum. Úttektin, sem ber heitið: *Frumkvæðisathugun á þjónustu í búsetuúrræðum fatlaðs fólks* nær einnig til úrræða þar sem um er að ræða öryggisvistun sem og til úrræða sem rekin eru að einkaaðilum með þjónustusamningi við sveitarfélög.

Markmiðið er m.a. að taka út ákveðna þjónustubætti í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum í þeim tilgangi að auka gæði þjónustunnar og stuðla að því að hún sé traust og örugg og innan reglugerða, laga og sáttmála svo og að efla innra eftirlit sveitarfélaganna þannig að unnt sé að greina hvaða úrbóta er þörf í þjónustu þeirra. GEV hefur útbúið leiðbeiningar, spurningalista, gátlista og úrbótaáætlun sem ætlað er að nýta í verkefnið. GEV bendir á að æskilegt sé að óháður aðili framkvæmi úttektina, sinni gagnöflun, gagnagreiningu og skili útfylltum gátlistum og úrbótaáætlun til GEV.

Til að uppfylla fyrrnefnda úttekt GEV sækja neðangreind sveitarfélög hér með um styrk á grundvelli 1. töluliðar 4. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, nr. 192/2023, en þar segir:

Jöfnunarsjóði er jafnframt heimilt að ráðstafa fjármagni á eftirfarandi hátt.

1. Til einstakra verkefna, nýsköpunar eða þróunarvinnu sem nýtist þjónustusvæðum/sveitarfélögum og þjónustusvæðum til framþróunar í málaflokknum.

Sveitarfélögin eru sammála um að úttektin sé umfangsmeiri en svo að núverandi starfsfólk þeirra hafi burði eða tíma til þess að sinna henni. Það er því mat velferðarsviða eftirfarandi sveitarfélaga; Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Seltjarnarness, Kópavogs og Mosfellsbæjar að verkefnið uppfylli tilgreind skilyrði 1. tölul. 4. gr. reglugerðar 192/2023 og er því óskað eftir að Jöfnunarsjóður styrki fjármögnun verkefnisins að upphæð kr. 15.000.000.- sem verður ráðstafað til ráðningar sérfræðings sem mun framkvæma úttektina í samvinnu við hvert og eitt þessara sveitarfélaga.



GARÐABÆR

Fylgiskjöl með umsókn:

1. Leiðbeiningar vegna frumkvæðisathugunar á þjónustu í íbúðakjönum og herbergjasambýlum fyrir fullorðið fatlað fólk.
2. Spurningalisti um þjónustu sveitarfélags
3. Gátlisti fyrir frumkvæðisathugun
4. Úrbótaáætlun

Virðingarfyllst,

f.h. Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Seltjarnarness, Kópavogs og Mosfellsbæjar

Svanhildur Þengilsdóttir
Svanhildur Þengilsdóttir

Sviðsstjóri velferðarsviðs í Garðabæ